

því að dæma hina áfrýjuðu lögtaksgjörð og uppboðsgjörð ómerka. Að því kemur til skaðabóta þeirra, sem áfrýjandi hefur krafist, þá virðist engin sönnun vera komin fram fyrir, að hann hafi bedið neitt tjón af uppboðssölnunni annað en það, að hann lagði út 200 kr. fyrir 1 kassa af sykri, er hann ljet bjóða í á uppboðinu, og var sú upphæð af uppboðshaldara álitin nægja fyrir útsvarinu og kostnaðinum við að ná því, og sem honum ekki hefur verið skilað aptur. Það verður því að skylda hreppsnefndina til að greiða áfrýjanda 200 kr. — Eptir þessum úrslitum er rjett, að hreppsnefndin í Bæjarhreppi greiði áfrýjanda kostnaðinn af málskotinu, að skaðlausu, eptir kröfu áfrýjanda og samkvæmt lögum 16. desbr. 1885, 13. grein.

Að því leyti mál þetta hefur verið varið með gjafsókn, vottast, að flutningur þess hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjanda lögtaks- og uppboðsgjörð á að vera ómerk. Hin stefnda hreppsnefnd í Bæjarhreppi á að greiða áfrýjanda 200 kr. og málskostnað að skaðlausu, er hvorttveggja lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 38/1888

P Nielsen fyrir hönd

J. R. B. Lefolii

gegn

Einari Jónssyni

og Guðmundi Ísleifssyni.

D ó m u r :

Hinir stefndu í máli þessu, kaupmennirnir Einar

Jónsson og Guðmundur Ísleifsson, sem reka sína verzlunina hvor á Eyrarbakka, skrifuðu áfrýjandanum, verzlunarstjóra P. Nielsen, er rekur verzlun á sama verzlunarstað fyrir hönd stórkaupmanns J. R. B. Lefolii, brjef hinn 14. sept. 1887 þess efnis, að þeir skora á P. Nielsen að gefa skýra yfirlýsingu um það, hvort skipum þeirra muni framvegis nokkur hindrun verða gjörð af hendi herra Lefolii frá því að nota hafnarfestar hans fyrir sanngjarna leigu, þegar hann þarf ekki að nota þær sjálfur; að öðrum kosti muni þeir sjálfir leggja niður hafnarfestar fyrir framan þvergrýnningar þær á Eyrarbakkahöfn, er skip þeirra geti eigi komið inn fyrir, nema þegar sjerstaklega stendur á. Samdægurs svaraði áfrýjandi hinum stefndu á þá leið, að hann bannaði þeim að leggja út hafnarfestar á lóð Lefolii kaupmanns, og lét hann notarius publicus birta þetta bann fyrir hinum stefndu daginn eptir. Þrátt fyrir þetta bann fóru hinir stefndu að gjöra undirbúning til þess að leggja út hafnarfestar á Eyrarbakkahöfn, fengu menn nefnda fyrir rjetti til þess að skoða hvar tiltækilegast væri að leggja festarnar, og er skýrsla hinna útnefndu manna um skoðun þessa gefin 20. sept. 1887. Síðan létu þeir byrja á sjálfu verkinu, að búa um festarendana, hinn 31. janúarmán. f. ár, en eptir kröfu áfrýjanda var af hlutaðeigandi fógeta hinn 7. febr. næst á eptir hinum stefndu auglýst og tilkynnt bann rjettarins gegn því að gjöra nokkurt rask á lóð þeirra jarða, sem tilheyra stórkaupmanni J. R. B. Lefolii, eða festa þar nokkurn stólpa, akkeri eða annað þvílíkt, er til landfesta skal nota; sjerstaklega var bann lagt gegn því, að hinir stefndu framhjeldu vinnu þeirri á skerjum þeim, tilheyrandi lóð jarðarinnar

Einarshafnar, er þeir byrjuðu á hinn 31. jan. f. á. Til staðfestingar á forboðsgjörð þessari höfðaði áfrýjandinn síðan mál gegn hinum stefndu, og var það dæmt í aukarjetti Árnassýslu hinn 8. ágúst. f. á. á þá leið, að tjeð fógetaforboð var fellt úr gildi og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefur verzlunarstjóri P. Nielsen fyrir hönd J. R. B Lefolii áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 27. ágúst f. á., og gjört þær rjettarkröfur, að fógetabannið frá 7. febr. f. á., verði staðfest sem lögmætt, að hinir stefndu verði dæmdir til, að viðlögðum hæfilegum sektum, að flytja burt af lóð jarðarinnar Einarshafnar akkeri þau, er þeir hafa flutt þangað, að þeir verði dæmdir til að greiða forboðsgjörðar-kostnaðinn, kr. 141.06, allan kostnað málsins fyrir undirjetti eptir reikningum, og allan áfrýjunarkostnað málsins, að minnsta kosti 200 kr. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu, kaupmennirnir Einar Jónsson og Guðmundur Ísleifsson, krafizt þess, að hinn áfrýjadi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með 200 kr. eða einhverju nægilegu. Jafnframt hafa hinir stefndu í varnarskjölum sínum hjer fyrir rjettinum krafizt þess, að yfirdómari L. E. Sveinbjörnsson víki úr dómarasæti í máli þessu, með því að hann sje svili P. Niensens og tengdasonur aðalverzlunarstjórans við verzlun Lefolii á Eyrarbakka, G. Thorgrímson. En þessi krafa verður þó eigi tekin til greina, því að yfirdómari Sveinbjörnsson er hvorki í frændsemi nje í mágsemd við P. Nielsen og tengdafaðir hans er hvorki eigandi að neinum hluta verzlunar Lefolii á Eyrarbakka nje einusinni forstöðumaður nefndrar verzlunar.

Eyrarbakkahöfn er lón eitt, er liggur frá vestri til austurs fyrir landi jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar, en sjávarmegin er skerjaklasi, sem liggur strandlengis fyrir utan lónið; er innsiglingin á höfnina að vestanverðu fyrir landi Einarshafnar; fyrir landi Skúmsstaða liggur skergarður nær því þvert yfir lónið, og verður eigi komið kaupskipum austur fyrir þetta hapt nema gott sje veður og stórstraumsflóð. Fyrir Stóru-Háeyrarlandi lokast lónið eða höfnin að austanverðu. Fyrir utan skergarðinn, er þannig myndar höfnina, er ekkert afdrep og verður skipum því ekki lagt þar nema í hægviðri og sjólausu. Hafnarbotninn er svo lagaður, að akkeri festir ekki í honum; eru því botnfestar (hafnarfestar) lagðar úr útskerjunum upp í fjörúklappirnar, og grípa akkerin festar þessar. Að undanfögnu hafa slíkar botnfestar verið fernar á höfninni; 2 fyrir landi Stóru-Háeyrar fyrir austan hafnarmjóddina, og eru þær eign hinna stefndu; hinar 2 festarnar hafa legið á vesturhöfninni fyrir landi Einarshafnar og Skúmsstaða, og eru þær eign kaupmanns Lefolli. Eptir skýrslu hinna stefndu, sem eigi hefur verið mótmælt að því leyti, hefur áfrýjandi nú nýlega tekið það fyrir að neita að lána þeim þessar botnfestar. Með því að skip geta ekki lagzt fyrir utan höfnina nema því að eins, að ekkert sje að veðri, nje heldur, að álitni hinna stefndu, á sjálfri höfninni, svo framarlega þau ekki eru fest með landfestum, og með því að þau eigi geta komizt inn á austurhöfnina, þar sem festar hinna stefndu eru, nema með stórstraumsflóði og í góðviðri, þá þótti þeim sjer vera sá einn kostur nauðugur að leggja út botnfestar á vesturhöfninni fyrir vestan festar áfrýjanda, og byrjuðu þeir á því verki, eins og áður segir, hinn

31. jan. f. á. með því að klappa holu í eitt af landskerjunum (klöppunum) á lóð jarðarinnar Einarshafnar, til þess að setja þar niður stólpa, flytja þangað eitt akkeri, ennfremur flytja akkeri út í eitt af útskerjunum, Einarshafnarsker, og «klappa þar merki». Þetta starf þeirra komst þó eigi lengra á veg þá, því að áfrýjandinn ljet fógeta banna það, eins og aður er um getið. Aðalástæða áfrýjanda til rjettlættingar fógetaþanninu er, að aðfarir hinna stefndu komi í bága við eignar- og umráðarjett hans yfir jörðinni Einarshöfn og skerjunum, er liggja undan landi tjeðrar jarðar, en það er in confesso, að hann er eigandi jarðar þessarar og þar með einnig skerjanna, eða sjerstaklega Einarshafnarskers, sbr. Jónsb. Rekab. kap. 2. in fine. Það verður þó eigi álitíð, að þessi eignarrjettur heimili honum einum afnotarjett eða umráðarjett yfir Eyrarbakkaþöfn, sem hefur verið verzlunarþöfn síðan snemma á öldum. Hinir stefndu reka löglega verzlunaratvinnu á Eyrarbakka og hafa rjett til að nota þöfnina við rekstur þessarar atvinnu sinnar, sbr. kgsbr. 23. apríl 1788. Eptir hinu framanritaða og samkvæmt skýrslum málsins geta þeir eigi notað þöfnina örugglega, nema því að eins, að þeir megi leggja út botnfestar fyrir vestan grynningarnar og þrengslin fram undan Skúmsstaðalandi eða að öðrum kosti fái að nota botnfestar áfrýjanda þar, eins og fyrir er mælt í nýnefndu konungsbrjefi og tilsk. 28. desember 1836, 11. gr. Nú er það ómótmælt, að áfrýjandi hafi bannað hinum stefndu að nota þessar botnfestar, en þá verður hann að þola þá kvöð, að hinir stefndu leggi sjálfir út botnfestar og festi þær í sker og klappir, er heyra undir eignarjörð hans, sbr. rkbr. 13. marzm. 1824. Að vísu hefur áfrýjandi getið þess, að hann hafi ætlað sjer að leggja út enn einar

botnfestar til afnota fyrir verzlunarskip sín örskammt frá þeim stað, þar er hinir stefndu höfðu í hyggju að leggja sínar festar, en það værdi sjer með öllu ómögulegt svo framarlega fyrirtæki þeirra fái framgang. En það virðist einnig leiða af meginreglunni í framanrituðum lagafyrirmælum, að þar sem áfrýjandi hefur 2 botnfestar á hinum öruggasta stað hafnarinnar, þá geti hann eigi meinað hinum stefndu kaupmönnum að leggja út einar festar, er eigi koma í bága við festar þær, sem hann áður hefur haft, þó að honum á eptir kunní að verða ómögulegt að fjölga festum sínum.

Eptir hinu framanritaða er það rjett, að aukarjetturinn hefur dæmt fógetaforboðið frá 7. febr. f. á. ógilt, og ber því að staðfesta tjeðan dóm, einnig málskostnaðarfyrirmæli hans. Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður áfrýjandi að greiða hinum stefndu hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 120 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á vera óraskaður. Áfrýjandinn, P. Nielsen fyrir hönd J. R. B. Lefolli, á að greiða hinum stefndu, Einari Jónssyni og Guðmundi Ísleifssyni, sem málskostnað fyrir yfirdómi 120 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.